

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 28. júlí 1981

**um að sérstakar gerðir lokunarbúnaðar séu „einnota“ í skilningi tilskipana ráðsins 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE, 69/208/EBE og 70/458/EBE****(81/675/EBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/400/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykurrófufræja <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 78/692/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 1. mgr. 10. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 81/126/EBE <sup>(4)</sup>, einkum 1. mgr. 9. gr.,með hliðsjón af tilskipun 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 81/126/EBE, einkum 1. mgr. 9. gr.með hliðsjón af tilskipun 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja <sup>(6)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 81/126/EBE, einkum 1. mgr. 9. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/458/EBE frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafræja <sup>(7)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 80/1141/EBE <sup>(8)</sup>, einkum 1. mgr. 25. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í samræmi við framangreind ákvæði skal yfirleitt loka umbúðum utan um fræ á þann hátt að tilskilinn merkimiði eða annað opinbert innsigli sé hluti af lokunarbúnaðinum.

Þessar ráðstafanir eru ekki nauðsynlegar þegar notaður er einnota lokunarbúnaður.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2290/66.<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 236, 26. 8. 1978, bls. 13.<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 67, 12. 3. 1981, bls. 36.<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2305/66.<sup>(6)</sup> Stjttíð. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.<sup>(7)</sup> Stjttíð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 7.<sup>(8)</sup> Stjttíð. EB nr. L 341, 16. 12. 1980, bls. 27.

Til að hægt sé að koma á samræmdri beitingu ákvæða bandalagsins í þessum efnum er ákveðið að tiltekna gerðir lokunarbúnaðar sem eru í notkun séu „einnota“.

Draga ber smám saman úr notkun lokunarbúnaðarins sem er eingöngu ætlaður fyrir sáðkorn og á að endurmeta eftir fimm ár, og taka upp í staðinn nýjan lokunarbúnað sem lofar betri árangri.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við ákvörðun fastanefndar um fræ og fjölgunarfni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

1. Hér með er ákveðið að eftirfarandi lokunarbúnaður á umbúðir er „einnota“ í skilningi 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 66/400/EBE, 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 66/401/EBE, 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 66/402/EBE, 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 69/208/EBE og 1. mgr. 25. gr. tilskipunar 70/458/EBE:

a) pappírs- eða plastsekkir, að því tilskildu að á þeim sé ekki annað op en til áfyllingar og að því sé lokað með sjálfmímandi eða hitalokunarbúnaði þannig að ekki sé hægt að opna umbúðirnar án þess að skemma þær;

b) sekkir úr vefleysu sem eru saumaðir saman, að því tilskildu að talnakvarði sem hefst á tölunni 1 við efri endann eða svipað merki (bókstafir, mynd), sem sýnir að sekkirnir hafi haldið upprunalegri stærð, sé þrykkur óafmáanlega á þá, að minnsta kosti á aðra hlið opsins.

2. Hér með er ákveðið að lokunarbúnaður á eftirfarandi umbúðum, auk þeirra sem getið er í 1. mgr., er eins og sakir standa enn talinn „einnota“ í skilningi 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 66/402/EBE.

Pappírs- eða plastsekkir, að því tilskildu að á þeim sé ekki annað op en til áfyllingar og að þeir lokist við þrýstinginn af þyngd áfylltu fræjanna á áfyllingarbúnaðinn og að lengd þessa búnaðar sé ekki minni en 22% af breidd pokanna.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. júlí 1981.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

GASTON THORN

*forseti.*